

Einnig greiði þeir stefnda, Presti Þórhallssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, óskipt 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. janúar 1980.

Nr. 17/1979. **Verðlagsnefnd**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Verslunarráði Íslands

Kaupmannasamtökum Íslands og

Félagi íslenskra stórkaupmanna

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ömerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. janúar 1979. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar óskipt úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Mál þetta var höfðað með sáttakæru, birtri 12. september 1979, en þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 26. s. m. Samkvæmt héraðsdómsstefnunni er málshöfðunin aðallega „til ógildingar á samþykkt verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978 um verslunarálagningu“, en til vara til, „að staðfest verði með dómi, að ofangreind samþykkt hafi fyrst tekið gildi 8. mars 1978“.

Samþykkt verðlagsnefndar, sú sem að framan greinir, varðar verslunarálagningu á fjölmargar vörutegundir. Á grundvelli þeirrar samþykktar og með stoð í 6. gr. laga nr. 54/1960 gaf verðlagsstjóri út hinn 21. febrúar 1978 tilkynningu um leyfða hámarksálagningu á hverja einstaka vörutegund. Var tilkynningin birt í Lögbirtingablaði hinn 7. mars 1978. Skilja verður málflutning stefndu svo, sérstaklega ef gætt er þess rökstuðnings þeirra fyrir dómkröfunum, að ákvörðun verðlagsnefndar hafi átt að birta í Stjórnartíðindum, en ekki í Lögbirtingablaði, að málssókn þessari sé ætlað að hnekkja ákvörðun verðlagsnefndar um hámarksálagningu, m. a. eins og hún kemur fram í framangreindri tilkynningu verðlagsstjóra.

Þegar mál þetta var höfðað, höfðu tekið gildi bráðabirgðalög nr. 96 8. september 1978. Var í 7. gr. þeirra laga mælt fyrir um nýjar reglur um hundraðshluta verslunarálagningar á álagningarstofn. Skyldu hinar breyttu álagningarreglur gilda frá 11. s. m. Gaf verðlagsstjóri út tilkynningu um hámarksálagningu hinn 10. september 1978. Var hún birt í Lögbirtingablaði 20. s. m.

Í máli þessu er ekki krafist dómsúrlausnar um tiltekið ágreiningsefni, sem sprottið sé af hinum almennu ákvörðunum verðlagsyfirvalda í febrúar 1978, heldur er leitað álits dómstóla á því, hvort aðferð við töku eða birtingu ákvarðana þessara, en þær varða ótiltekinn fjölda manna, hafi verið með þeim hætti, að eftir þeim beri að fara eða hvort meta eigi þær ógildar. Þegar málið var höfðað, hafði með lögum verið mælt fyrir um nýjar álagningarreglur, svo sem sagt var, og skyldu þær leysa af hólmi þær ákvarðanir verðlagsyfirvalda um verslunarálagningu, sem um er deilt í máli þessu. Þegar hvort tveggja þetta er virt og litið er til ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936, þykir sakarefnið þannig vaxið, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 400.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndu, Verslunarráð Íslands, Kaupmannasamtök Íslands og Félag íslenskra stórkaupmanna, greiði áfrýjanda, verðlagsnefnd, óskipt 400.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Að okkar áliti standa hvorki ákvæði 67. gr. laga nr. 85/1936 né aðrar réttarreglur því í vegi, að dómstólar skeri í þessu máli úr því, hvort hin umdeilda samþykkt áfrýjanda 20. febrúar 1978 sé gild að lögum, enda hafa áfrýjandi og stefndu vegna félagsmanna sinna lögvarða hagsmuni af, að slík úrlausn fái st. Það styrkir þessa niðurstöðu, að allir málsaðiljar óska efnisdóms.

Þar sem meiri hluti Hæstaréttar hefur komist að annarri niðurstöðu, eru ekki efni til, að við fjöllum um efnishlið málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. þ. m., hafa Verslunarráð Íslands, Kaupmannasamtök Íslands og Fléag íslenskra stórkaupmanna höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að undangenginni árangurslausri sáttakæru, með stefnu, birtri 22. september 1978, á hendur viðskiptaráðherra f. h. viðskiptaráðuneytisins og formanni verðlagsnefndar f. h. verðlagsnefndar til ógildingar á samþykkt verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978 um verslunarálagningu og til greiðslu málskostnaðar in solidum að mati dómsins.

Til vara gera stefnendur þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi, að ofangreind samþykkt hafi fyrst tekið gildi 8. mars 1978.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir

af kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Reynt hefur verið að koma á sátt í þessu máli, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Hinn 16. nóvember 1977 samþykkti verðlagsnefnd hækkun á álagningu í heildsölu og smásölu um 10%. Var samþykkt verðlagsnefndar byggð á tillögu verðlagsstjóra á fundi nefndarinnar hinn 9. nóvember 1977, þar sem hann gerði grein fyrir álagningarþörf verslunarinnar. Samkvæmt bókun á þeim fundi verðlagsnefndar segir verðlagsstjóri eftirfarandi í lokaorðum sínum á fundinum:

„Með þessum tillögum mínum er gengið nokkuð til móts við óskir verslunarinnar, en þó yrði álagningin enn almennt nokkuð lægri en hún var ákveðin í mars 1974. Töluvert vantar á, að þessar tillögur fullnægi kröfum verslunarinnar, en ég vænti þess þó, að hún sætti sig við þær að þessu sinni. Ég hef reynt að fara varlega í þessari tillögugerð, en með tilliti til þeirra miklu kostnaðarhækkana, sem verða í rekstri verslunar á þessu ári, er ekki óeðlilegt, að nokkurrar lagfæringar sé þörf.“

Stefnendur telja, að þessi orð verðlagsstjóra verði ekki skilin á annan veg en þann, að þrátt fyrir hækkun álagningarinnar samkvæmt tillögunni verði álagning verslunarinnar í lágmarki og almennt nokkru lægri en hún hafði verið ákveðin í mars 1974.

Frá því að verðlagsnefnd gerði ofangreinda samþykkt sína 16. nóvember 1977, þar til verðlagsnefnd tók næst ákvörðun um almenna breytingu verslunarálagningar hinn 20. febrúar 1978, kveða stefnendur verulega hækkun hafa orðið á öllum tilkostnaði verslunarinnar. Þannig hafi vextir hækkað, laun, ýmis opinber þjónusta, opinber gjöld, svo sem fasteignagjöld, og allur annar rekstrarkostnaður. Þá hafi á þessu tímabili orðið tollalækkanir, sem lækkað hafi álagningu verslunarinnar í krónutölu.

Hinn 10. febrúar 1978 var gengi hinnar íslensku krónu fellt. Í kjölfar þessarar gengislækkunar samþykkti verðlagsnefnd með fimm atkvæðum gegn fjórum lækkan verslunarálagningar um það bil 9%, svo sem tilkynning verðlagsstjóra nr. 10/1978 ber með sér.

Á fundi verðlagsnefndar hinn 15. febrúar 1978 var fjallað um verslunarálagningu. Í fundargerð þessa fundar segir m. a. svo:

„Formaður hafði framsögu um verslunarálagninguna. Hann

rakti nokkuð afgreiðslu nefndarinnar á undanförnum árum að afstöðnum gengnisfellingum. Ávallt hafi verið notuð svokölluð 30% regla. Hann sagði, að málið hafi verið rætt í viðskiptaráðuneytinu og að hann hafi persónulega kynnt sér afstöðu ráðherra, en áður en lengra væri haldið, vildi hann gjarnan heyra afstöðu einstakra nefndarmanna til þeirrar hugmyndar að beita nú 30% reglunni.“

Í fundargerðinni kemur fram, að þrír nefndarmenn, þeir Þorvaldur Elíasson, Stefán Jónsson og Einar Árnason, eru andvígir því að beita hinni svokölluðu 30% reglu. Formaður verðlagsnefndar lýsti því yfir á þessum fundi, að hann teldi „beitingu 30% reglunnar vera, nú í seinni tíð, algjörlega pólitíska ákvörðun ríkisvaldsins.“ Formaður kvaðst hafa umboð ráðherra síns til þess að flytja tillögu um, að fylgt yrði 30% reglunni. Með henni væri verið að láta alla bera nokkurn hlut af þeirri skerðingu, sem leiddi af gengisfalli. Verðlagsstjóri tók undir þessa skoðun formanns, og eftir honum er þetta bókað í fundargerð: „ . . . Hann sagði, að þegar rætt væri um 30% regluna, væri vert, að menn gerðu sér fulla grein fyrir því, að verslunin þyrfti ekki meiri hækkun á álagningu til að standa undir auknum fjármagnskostnaði, er stafaði af gengisfallinu. Hins vegar bæri einnig að hafa í huga, að frá því verslunarálagning var leiðrétt í nóvember s.l., hafi launakostnaður aukist í des. s.l. og væntanlega 1. mars n.k., einnig mætti búast við hækkun í júní. Með því að reikna með, að launakostnaðurinn hjá versluninni hafi 1. júní aukist um 20% og launavægi í verslun sé 50%, þá þyrfti verslunin á miðju ári u. þ. b. 10% hækkun á álagningartölu. Verðlagsstjóri sagði, að auk framangreinds þyrfti að reikna ýmsa aðra nú óþekkta kostnaðarliði og gæti hann því ekki á fáum dögum gert marktæka könnun á því, hve lengi 30% reglan þyrfti að standa, en það gæti e. t. v. orðið fram á haust.“

Tveir nefndarmenn, þeir Stefán Jónsson og Þorvarður Elíasson, báru þá fram tillögu þess efnis, að frestað yrði ákvörðun um verslunarálagningu „þar til fyrir liggur athugun verðlagsstjóra á áhrifum beitingar 30% reglunnar á afkomu verslunarfyrirtækja og með hvaða hætti fyrirhugað sé að endurleiðrétta álagningarákvæðin vegna fyrirsjáanlegra hækkana verðlags og reksturskostnaðar.“ Tillaga þessi var ekki samþykkt í nefndinni.

Hinn 20. febrúar 1978 hélt verðlagsnefnd fund, svo sem fyrr getur. Á þeim fundi bar formaður verðlagsnefndar fram tillögu um það, að beitt yrði hinni svokölluðu 30% reglu varðandi versl-

unarálagningu. Var sú tillaga samþykkt á fundinum með fimm atkvæðum gegn fjórum. Á fundi þessum er eftirfarandi bókað eftir verðlagsstjóra:

„1. Eins og nefndarmönnum er kunnugt, hefur 30% reglunni verið beitt við nær allar gengisfellingar frá og með árinu 1960. Tilgangur höfunda 30% reglunnar var að finna sanngjarnan meðalveg á milli þess, að verslunin hagnist óeðlilega af gengisfellingu, og að hún verði fyrir tjóni af hennar völdum. Höfundar hennar telja það vera misskilning, að hún sé miðuð við óbreytt verðlag innanlands, ef svo væri, ætti fremur að viðhafa 20% reglu.

Í kjölfar gengisfellinga kemur fljótlega hækkun á verði innfluttra vara, og sem afleiðing þess hækka einnig ýmsir liðir rekstrarkostnaðar, áður en langt um líður. En sé strangt eftirlit með því, að þessar hækkanir séu ekki umfram þarfir, er endurskoðun ákvæða ekki þörf. Höfundar telja, að fyrst eftir gengisfellingu sé reglan versluninni í hag og það sé fyrst við verulegar launahækkanir, að þörf skapist fyrir hækkaða álagningarprósentu. Í flestum tilvikum hafa hækkanir á álagningu verið leyfðar vegna kauphækkana eingöngu, en ekki vegna annarra kostnaðarhækkana.

2. Tillaga formanns er fram komin að tilhlutun ríkisstjórnarinnar. Það var ekki leitað álits verðlagsskrifstofunnar á því, hvort raunhæft væri að nota 30% regluna nú. Tillagan er því pólitísk ákvörðun, sem ég hef ekki haft afskipti af.

3. Sú fyrirspurn kom fram á síðasta fundi verðlagsnefndar, hvaða álit ég hefði á því, hvenær þörf væri breytinga á álagningu aftur, verði 30% reglu beitt nú.

Frá því verslunarálagning var hækkuð í nóvember s.l., hafa laun hækkað um rúmlega 14%, og fyrirsjáanlegt er, að þau hækka þann 1. mars n.k. um að minnsta kosti 5—7,5%.

Mér virðist sem með tillöguflutningnum nú sé gert ráð fyrir því, að verslunin geti borið þessar launahækkanir með þeirri álagningu, sem hún hefur í dag. Ég lít því svo á, að stjórnvöld ætli að láta lækkun á álagningarprósentu af völdum 30% reglunnar standa, þar til gengislækkunin hefur haft veruleg áhrif til hækkunar launa. Á ég þar við um 15—20% launahækkun. Afleiðingar nýorðinnar gengislækkunar geta fyrst komið fram í launahækkunum þann 1. júní, en það verður þó vart fyrr en eftir launahækkunina, sem verður 1. sept. n.k., sem raunhæft verður að taka álagningarmálin til endurskoðunar.

Ég vil endurtaka, að það er pólitísk ákvörðun, verði 30% reglunni beitt nú, og ég hygg, að það muni verða pólitísk ákvörðun, hvenær álagningin verður endurskoðuð á ný.“

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að beita hinni svokölluðu 30% reglu varðandi verslunarálagninguna, óskuðu þrír nefndarmanna, þeir Baldur Guðlaugsson, Einar Árnason og Þorvarður Elíasson, eftirfarandi bókunar:

„Samkvæmt lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 1960 skulu allar verðlagsákvarðanir „miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.“ Tillaga sú um niðurskurð verslunarálagningar, sem hér liggur fyrir, hefur ekki verið rökstudd með neinum útreikningum eða gögnum um afkomu eða þörf verslunarinnar, og hlýtur samþykkt hennar því að teljast geðþóttaákvörðun, sem gengur þvert gegn þeim starfsreglum, sem verðlagsnefnd eru settar í fyrrgreindum lögum. Við greiðum því atkvæði gegn tillögunni og áskiljum umbjóðendum okkar allan rétt í þessu efni.“

Stefán Jónsson nefndarmaður var einnig andvígur því að beita 30% reglunni, og eftir honum var m. a. bókað þetta:

„Með framkvæmd 30% reglunnar nú, tel ég, að verið sé að framkvæma stjórn málaalegan tittlingaskít, sem ekki byggist á efnislegum atriðum og auki því fremur vanda en að afstýra honum.“

Stefnendur rökstyðja dómkröfur sínar með því, að beiting 30% reglunnar varðandi verslunarálagningu brjóti algerlega í bága við 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, þar sem verðlagsnefnd hafi borið samkvæmt lögum þessum að gera athugun á álagningarþörf verslunarinnar og ákvarða hana í framhaldi af þeirri athugun. Ljóst sé, að álagningarþörf verslunarinnar hafi stóruaúvikist vegna þeirra atriða, sem að framan eru rakin.

Í fundargerð nefndarinnar komi enn fremur fram, að ákvörðunin sé af pólitískum toga spunnin. Hafi því meiri hluti verðlagsnefndar farið eftir skipun stjórnvalda í stað þess að fara eftir þeim starfsreglum, sem henni séu settar í lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál. Æðri stjórnvöld hafi ekki haft neina heimild til afskipta af störfum verðlagsnefndar nema að breyttum lögum. Því hafi verið um valdþurrð að ræða.

Með bráðabirgðalögum nr. 96/1978 frá 8. september 1978, 7. gr., hafi svo stjórnvöld enn á ný lækkað álagningu verslunarinnar.

Þá er því enn fremur haldið fram af hálfu stefnenda, að ákvörð-

un verðlagsnefndar hafi aldrei verið birt í Stjórnartíðindum, eins og áskilið sé í lögum nr. 64 frá 1943, sbr. 10. gr. laga nr. 13 frá 1975 og 6. gr. laga nr. 54/1960.

Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnenda, að verðlagsstjóri hafi miðað gildi samþykktar verðlagsnefndar við 21. febrúar 1978. Sé varakrafan byggð á því, að samþykktin hafi fyrst getað tekið gildi 8. mars 1978, en tilkynning verðlagsstjóra nr. 10/1978, sem byggð sé á framangreindri samþykkt, hafi birst í Lögbirtingablaði 7. mars 1978.

Af hálfu stefndu er sýknukrafan á því byggð, að samþykkt verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978 um verslunarálagningu sé ekki haldin neinum þeim ágöllum, er leitt geti til ógildingar hennar. Varðandi þá málsástæðu stefnenda, að ákvörðun verðlagsnefndar um verslunarálagningu frá 20. febrúar 1978 brjóti í bága við ákvæði 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það sé ekki á valdi almennra dómstóla að fjalla efnislega um verðákvörðanir verðlagsnefndar og því sé ekki um málskotsmöguleika að því er snerti efni slíkra ákvörðana (sic). Ástæðan sé sú, að ákvörðanir um verðlagsmál séu í þeim mæli háðar mati, að erfitt sé fyrir dómstóla um þær að dæma. Hér sé því um þá almennu stjórnarfarslegu reglu að ræða, að dómstólar eigi ekki úrskurðarvald um beitingu og meðferð lögleyfðs valds verðlagsnefndar samkvæmt lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, þ. e. dómstólum sé ekki ætlað að úrskurða um réttmæti ákvörðananna. Á hinn bóginn geti almennir dómstólar skorið úr um lögsmæti ákvörðananna, til dæmis um valdmörk, form, hvort rétttra aðferða hafi verið gætt, þar með talin birting eða önnur atriði, er varða embættistakmörk.

Verði ekki fallist á þetta sjónarmið stefndu, þá andmæla þeir því, að sýnt hafi verið fram á nokkuð það, sem gefi tilefni til að halda því fram, að ákvæði 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál hafi verið brotið.

Stefndu benda á, að tekið hafi verið að beita hinni svokölluðu 30% reglu árið 1960. Hafi hún byggst á hugmyndum manna um skiptingu erlends og innlends kostnaðar verslunarinnar. Tilgangurinn með reglu þessari hafi verið að finna sanngjarnan meðalveg milli þess, að verslunin hagnaðist óeðlilega vegna gengisfellingar, og að hún yrði fyrir tjóni af hennar völdum. Reglunni hafi verið beitt við allar gengisfellingar síðan 1960, að gengisfellingunni 1961 undanskilinni, eða alls átta sinnum. Tvívegis hafi hún verið lögfest, þ. e. með lögum nr. 74/1968 um ráðstafanir

vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu og nú síðast með bráðabirgðalögum nr. 96/1978 um kjaramál. Vitna stefndu til bréfs verðlagsstjóra frá 12. október 1978, sbr. dskj. nr. 15, þar sem beiting reglu þessarar er nánar rakin. Af því, sem þar kemur fram, megi ljóst vera, að því fari fjarri, að hér sé um að ræða óvenjulega eða einstaka ákvörðun. Fremur megi segja, að hér sé um almenna reglu að ræða, sem beitt sé við ákvörðun verslunarálagningar í kjölfar gengisfellinga.

Þá minna stefndu á, að allt frá árinu 1970 hafi verðstöðvunarlögum verið beitt sem þætti í viðleitni til lausnar efnahagsmála. Þegar verðlagsnefnd hafi tekið ákvörðun sína um verslunarálagningu þann 20. febrúar 1978, hafi verið í gildi verðstöðvunarákvæði 10. gr. laga nr. 13 frá 29. maí 1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Að því er valdþurrð snerti þá mótmæla stefndu þeirri fullyrðingu stefnenda, að meiri hluti verðlagsnefndar hafi farið eftir skipun annarra stjórnvalda í stað þess að fara eftir þeim starfsreglum, sem settar séu í lögum nr. 54/1960. Vitna stefndu í þessu sambandi til fundargerðar verðlagsnefndar á dskj. nr. 5 og 6, þar sem fram komi fjölbreytileg tillögugerð hinna ýmsu aðilja í verðlagsnefnd í málinu. Ekkert gefi tilefni til að fullyrða, að önnur stjórnvöld hafi ruðst inn á svið verðlagsnefndar. Hitt sé svo annað mál, að sjálfsagt megi kalla beitingu reglu þessarar „pólítíska“ ákvörðun og muni svo vera um allar ákvarðanir um skiptingu teknanna og almennt ákvarðanir í efnahagsmálum, enda sé um frjálst mat að ræða í þessum efnum.

Af hálfu viðskiptaráðherra er á það bent, að honum sé stefnt f. h. viðskiptaráðuneytis til að þola ógildingu ákvörðunar verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978. Verðlagsmál samkvæmt lögum nr. 54/1960 sæti fullnaðarákvörðun verðlagsnefndar. Þeim ákvörðunum verði ekki skotið til æðra stjórnvalds og venjulegt stjórnsamband sé ekki á milli verðlagsnefndar og viðskiptaráðherra. Sjálfstæði verðlagsnefndar sé því mikið samkvæmt lögum nr. 54/1960, enda þótt viðskiptaráðherra skipi átta nefndarmenn samkvæmt tilnefningu tiltekinna samtaka launþega og atvinnurekenda og formann nefndarinnar án tilnefningar. Af þessum sökum er því haldið fram af hálfu viðskiptaráðherra, að ekki sé samaðild í máli þessu með verðlagsnefnd og viðskiptaráðherra, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Að endingu er því haldið fram af hálfu stefndu, að þeir séu ekki réttir aðiljar að málskostnaðarkröfu stefnenda, og krefjast

þeir því sýknu af henni. Varðandi málskostnaðarkröfuna halda stefndu því fram, að nauðsyn hafi borið til að stefna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Af þeim sökum beri að sýkna stefndu af málskostnaðarkröfunni, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Niðurstaða dómsins.

Dómurinn getur ekki fallist á það, að réttarfarslega nauðsyn hafi borið til að stefna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í máli þessu vegna málskostnaðarkröfu stefnenda á hendur stefndu.

Verðlagsmál samkvæmt lögum nr. 54/1960 sæta fullnaðar-ákvörðun verðlagsnefndar. Þeim ákvörðunum verður eigi skotið til viðskiptaráðherra, og venjulegt stjórnsamband er ekki á milli verðlagsnefndar og viðskiptaráðherra samkvæmt þessum lögum. Sjálfstæði verðlagsnefndar samkvæmt lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál er því það mikið, að eigi var þörf á að stefna viðskiptaráðherra f. h. viðskiptaráðuneytisins til að þola ógildingu ákvörðunar verðlagsnefndar um verslunarálagningu frá 20. febrúar 1978. Viðskiptaráðherra f. h. viðskiptaráðuneytisins telst því ekki réttur varnaraðili í þessu máli, og ber því að sýkna hann samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu milli stefnenda og viðskiptaráðherra f. h. viðskiptaráðuneytisins.

Fallast ber á það með stefndu, að bæjarþingið sé ekki bært um að breyta prósentu verslunarálagningar, eins og hún er ákveðin af verðlagsnefnd. Hins vegar er bæjarþingið bært að dæma um það, hvort verðlagsnefnd hafi farið að lögum þeim, er gilda um störf hennar við töku þeirrar ákvörðunar, og fella hana úr gildi, ef dómstóllinn kemst að raun um, að svo hafi eigi verið.

Í upphafi 3. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960 segir, að verðlagsnefnd geti ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar. Í 2. mgr. sömu greinar segir svo:

„Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.“

Túlka verður ákvæði þetta þannig, að áður en verðlagsákvarðanir eru teknar, skuli fara fram könnun á álagningarþörf þeirra fyrirtækja, „er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.“

Af fundargerðum frá fundum verðlagsnefndar hinn 15. og 20. febrúar 1978, sbr. dskj. nr. 5 og 6, er ljóst, að slík könnun fór ekki fram. Olli þetta ágreiningi innan verðlagsnefndar, svo

sem rakið er fyrr í dóminum. Á fundi verðlagsnefndar hinn 15. febrúar 1978 er bókað eftir formanni nefndarinnar, að hann hafi umboð ráðherra síns til þess að flytja tvær tillögur. Sú fyrri væri, að 30% reglunni yrði beitt vegna gengisfallsins, en hin síðari að heimila endurálagningu á innfluttar vörur, sem greiddar væru með erlendum víxlum. Enn fremur er á þessum fundi bókað eftir formanni, að hann telji „beitingu 30% reglunnar vera, nú í seinni tíð, algjörlega pólitíska ákvörðun ríkisvaldsins. Með henni væri verið að láta alla bera nokkurn hluta af þeirri skerðingu, sem leiddi af gengisfalli. Verðlagsstjóri tók undir þessa skoðun formannsins.“

Á fundi verðlagsnefndar hinn 20. febrúar 1978, þegar hin umstefnda ákvörðun var tekin, er bókað eftir verðlagsstjóra m. a.:

„Tillaga formanns er fram komin að tilhlutan ríkisstjórnarinnar. Það var ekki leitað álits verðlagsskrifstofunnar á því, hvort raunhæft væri að nota 30% regluna nú. Tillagan er því pólitísk ákvörðun, sem ég hef ekki haft afskipti af.“

Síðar í fundargerðinni er bókað eftir verðlagsstjóra þetta:

„Ég vil endurtaka, að það er pólitísk ákvörðun, verði 30% reglunni beitt nú, og ég hygg, að það muni verða pólitísk ákvörðun, hvenær álagningin verður endurskoðuð á ný.“

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið úr fundargerðum verðlagsnefndar, svo og bókanir þeirra Þorvarðs Elíassonar, Baldurs Guðlaugssonar og Einars Árnasonar og bókun frá Stefáni Jónssyni, sem fyrr er vikið að í dóminum, þá telur dómurinn nægilega í ljós leitt, að samþykkt verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978 um verslunarálagningu sé ekki gerð með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 2. mgr. 3. gr. laga um verðlagsmál nr. 54 frá 1960, og er hún því dæmd ógild.

Eftir þessum málalokum kemur birtingarmáti ákvörðunarinnar og gildistaka eigi til álita í dóminum.

Samkvæmt 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði er formaður verðlagsnefndar f. h. verðlagsnefndar dæmdur til þess að greiða stefnendum málskostnað, er ákveðst kr. 125.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Samþykkt verðlagsnefndar frá 20. febrúar 1978 um verslunarálagningu er dæmd ógild.

Formaður verðlagsnefndar f. h. verðlagsnefndar greiði

stefnendum, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands og Félagi íslenskra stórkaupmanna, kr. 125.000 í málskostnað.

Viðskiptaráðherra f. h. viðskiptaráðuneytisins á að vera sýkn af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, en málskostnaður fellur niður þeirra á milli.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. janúar 1980.

Nr. 7/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Sigurði Mikaelssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 14. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Kröfur eða greinargerð hafa eigi borist frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Lög standa ekki til að sinna kröfu varnaraðilja um kærumálskostnað sér til handa.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.